



FORELDRAR, BÖRN, FJÖLMENNING OG ASPARLÍF

NÝ LEIÐ AÐ BETRA OG BÆTTARA SAMFÉLAGI



 MIÐSTÖÐ
SKÓLAPRÓUNAR

Foreldrar, börn, fjölmennin og Asparlíf
Ný leið að betra og bættara samfélagi

Verkefnisstjóri: Nichole Leigh Mosty og Sólveig Þórarinsdóttir

Samstarfsaðili: Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Númer samnings: UMS-75



Leikskólinn Ösp

Iðufelli 16

111 Reykjavík

557-3849

osp@reykjavik.is

Miðstöð skólaþróunar

Sólborg við Norðurlóð

600 Akureyri

460-8590

msha@msha.is

Markmið þróunarverkefnisins:

Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli í Breiðholti í Reykjavík. Leikskólann sækja mörg börn af erlendum uppruna og hlutfall tvítyngdra barna er því mjög hátt eða 70–80%. Á Öspinni hefur undanfarin ár verið unnið að því að þróa starfshætti til að mæta betur þörfum þessa hóps og nýta styrkleikana sem felast í fjölmennningarlegu samfélagi leikskólans.

Megimarkmið verkefnisins var að styrkja starfsfólk leikskólans enn frekar í vinnu með mál og læsi og efla samstarf við foreldra á þessu sviði.

- Að bæta starfsaðferðir tengdar læsi og málrækt þeirra sem hafa íslensku sem annað mál.
- Að efla foreldra í þeirra hlutverki hvað varðar máltöku og málrækt á móðurmáli.
- Að efla fjölmennningarlegar kennsluáðferðir í daglegum starfi og leik barnanna.
- Að vinna markvisst að innleiðingu vinnubragða sem efla jafnrétti, samkennd og mannúð meðal barna og foreldra.
- Að tengja bakgrunn hvers og eins óháð þjóðerni og félagslegri stöðu við menningu skólans og mótun námskrár leikskólans.
- Að auka þátttöku foreldra í skólastarfi.
- Að fjölga leiðum í öflugum samstarfi milli heimilis og skóla.
- Að efla tengsl foreldra og barna af erlendum uppruna við nærsamfélagið.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Skólaárið 2015–2016 fékk Leikskólinn Ösp Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri til liðs við sig til að koma að starfsþróun í leikskólanum og efla vinnu með mál og læsi. Í þeirri vinnu var lögð áhersla á að styrkja það starf sem fyrir var, svo sem vinnu tengda orðflokki (þemum), samverustundir og hópastarf. Áhersla var lögð á að þróa verklag sem auðvelt væri fyrir nýtt starfsfólk að ganga inn í þar sem nokkur starfsmannavelta hefur verið á Öspinni og hlutfall ófaglærðar starfsmanna er hátt.

Starfspróunin veturinn 2016–2017 byggði á þeim grunni sem lagður var veturinn á undan. Ákveðið var að leggja áherslu á það að tengja málörvun inn í vinnu með orðflokka og byggja í kringum það upp efni sem nýst gæti áfram í starfinu næstu ár. Hver orðflokkur nær yfir sex vikna tímabil og er unnið með sömu orðflokka ár eftir ár. Í upphafi hvers tímabils settu kennarar niður áætlun um það hvernig unnið væri með orðflokkanum á hverri deild og völdu bækur, lög og viðfangsefni til að efla orðaforða og málnotkun í kringum hvern orðflokk. Ráðgjafar frá MSHA lásu yfir áætlanirnar og veittu góð ráð og funduðu síðan með deildarstjórum um mitt tímabil til að heyra hvernig gengi að fylgja áætlununum eftir í starfinu.

Ráðgjafi frá MSHA heimsótti leikskólann einnig þrisvar á skólaárinu. Í október og janúar fundaði ráðgjafi með leikskólastjóra og deildarstjórum. Á fundinum í október voru línur lagðar fyrir starf vetrarins. Það var mat leikskólastjóra að starfsfólk þyrfti meiri stuðning og aðhald við vinnuna með börnunum og var út frá því sett niður áætlun sem gerði ráð fyrir reglulegum fundum ráðgjafa frá MSHA með deildarstjórum. Á fundinum í janúar var rætt um það hvernig vinnan við þróunarverkefnið gengi og áætlun fyrir vorönnina útfærð nánar. Á þessum fundi var einnig rætt um það hvernig málörvunaryrðingin fellur að öðru starfi í leikskólanum, svo sem Könnunaraðferð sem leikskólinn hefur verið að þreifa sig áfram með að nota. Í febrúar kom ráðgjafi frá MSHA inn á starfsdag, var með stutt innlegg um tvítyngi og málörvun tvítyngdra barna og stýrði vinnu starfsfólks þar sem unnin var áætlun fyrir þemavinnu næstu vikna. Þetta fyrirkomulag gafst vel og var hluti af styrknum því nýttur í það að koma á viðbótarstarfsmannafundum þannig að starfsmannahópurinn fengi tíma til að undirbúa hvert þema áður en vinna við það hófst.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Í umsókninni var gert ráð fyrir að farið yrði af stað með vinnu við að efla foreldrasamstarf í tengslum við mál og læsi. Það var hins vegar mat skólastjórnenda í haust að það væri of mikið að ætla sér bæði að halda áfram að þróa starfið í leikskólanum og vinna að því að efla samstarf við foreldra. Miklar mannabreytingar urðu á starfsmannahópnum síðastliðið sumar og því lá fyrir að haustið færi í það að koma nýjum starfsmönnum inn í starfið. Stjórnendur töldu einnig nauðsynlegt að styrkja

enn frekar málörvunarstarfið í leikskólanum og festa betur í sessi og þróa áfram þau vinnubrögð sem byrjað var að móta veturinn 2015–2016.

Þar sem verkefnið hófst ekki fyrr en langt var liðið á haustönnina flyst hluti af vinnunni yfir á næsta skólaár. Þá verður klárað að fara í gegnum þá orðflokka sem unnið er með að hausti og búnað til áætlanir fyrir þá eins og þá orðflokka sem búið er að fara í gegnum.

Einnig stóð til að fá Vöndu Sigurgeirsdóttur lektor við Menntavísindasvið inn á starfsmannafund með innlegg um félagsleg samskipti barna. Ekki gat orðið af því í vetur en búið er að bóka hana á starfsmannafund í haust og verður það greitt af styrknum.

Helstu hindrarnir sem komu upp

Eins og fram hefur komið urðu nokkuð miklar mannabreytingar í starfsmannahópnum síðastliðið sumar. Haustmánuðir fóru því í það að koma nýju fólki inn í starfið og lítið var byrjað að vinna að þróunarverkefninu fyrr en í október. Veikindi, mannekla og áframhaldandi mannabreytingar um miðjan vetur truflaði vinnuna líka svolítið og var brugðist við því með því að gefa hverju þema lengri tíma.

Helstu ávinningar af þróunarverkefninu

Í vetur var lögð áhersla á það að gera málörvun markvissari í þemavinnunni og safna gögnum sem nýtast áfram í þeirri vinnu næstu ár. Öllum áætlunum og verkefnum sem urðu til var safnað saman og verður hægt að nýta aftur. Það mun auðvelda skipulagsvinnuna næsta vetur að geta gengið að því efni vísu og með tímanum mun safnast enn frekara efni í sarpinn sem kennarar geta sótt í.

Mikil ánægja var með það meðal almennra starfsmanna að fá að taka þátt í að skipuleggja vinnuna með þemun. Þeir fengu þannig hlutdeild í verkefninu og öðluðust betri skilning á því hvað er gert og hvers vegna en þegar gengið er inn í verkefni sem aðrir hafa skipulagt. Starfsmannahópurinn hefur þannig styrkst sem *Lærdómssamfélag* (e. Professional learning community) þar sem hópurinn setur

sér saman markmið um árangur og leitar leiða til að ná þeim. Í slíkri vinnu fá allir tækifæri til að koma fram með sínar hugmyndir, styrkleikar hvers og eins nýtast betur en ella og tækifæri gefst til að miðla hugmyndum á milli manna.

Mat á verkefninu

Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á skólastarfið. Starfsmenn eru meðvitaðri en áður um mikilvægi málörvunar og hafa fengið verkfæri í hendur til að vinna markvisst að málörvun barnanna út frá þeim þemum sem unnið er með hverju sinni. Með því að virkja alla starfsmenn í undirbúningsvinnu hefur leikskólinn styrkst sem *Lærdómssamfélag* sem skilar sér í sterkari starfsmannahópi og markvissara starfi.

Niðurstöður verkefnisins

Megimarkmið verkefnisins var að styrkja starfsfólk leikskólans í vinnu með mál og læsi og efla samstarf við foreldra. Eins og fram hefur komið var ákveðið á haustdögum að leggja meiri áherslu á þann þátt sem snýr að starfinu innan leikskólans en bíða með frekari þróun samstarfs heimila og skóla.

Starfið með börnunum

Ágætur árangur náðist í þróun starfsaðferða um læsi og málrækt. Með því að vinna út frá þeim orðflokkum sem skólinn hefur sett sér sem fasta punkta í starfinu frá ári til árs tókst að tengja málörvunarstarfið öðru leikskólastarfi og gera kennara meðvitaðari um þá málörvun sem fram fer í gegnum allt daglegt starf.

Fyrir hvern orðflokk var sett upp áætlun þar sem tilgreint var hvaða orð mætti tengja þemanu, listaðar upp bækur, lög og ljóð sem nýta mætti til að auka þekkingu barnanna á viðkomandi sviði og tilgreind verkefni og/eða viðfangsefni sem nýtt yrðu í vinnunni. Til að byrja með settu deildarstjórar

áætlanirnar upp en þegar leið á veturinn var ákveðið að hafa allt starfsfólk með í því að útfæra áætlanirnar sem reyndist vel því þannig fékk starfsfólk meiri hlutdeild í vinnunni, auk þess sem áætlanirnar urðu sterkari þegar allur hópurinn lagði saman til þeirra.

DÆMI UM ÁÆTLUN FYRIR ÞEMAVINNU

Stjörnuland (5-6 ára)	Lota 1 Stig 2	Lota 2 Stig 2	Lota 3 Stig 2
Yfirhugtak	Ævintýri	Ævintýri	Ævintýri
Undirhugtök	Lítill, stór, harður og mjúkur Stærð og magn	Heit, kalt, Bragða, Djúpur, Stærð og magn	Brjóta, stökkva, Stærð og magn
Bækur og sögur	Gullbrá og Birnirnar þrjár (vinnum með þessa bók í hópstarfi) Grimms ævintýri Ævintýri og sígildar sögur	Gullbrá og Birnirnar þrjár (vinnum með þessa bók í hópstarfi) HC Andersen ljóti andarunginn og fl.	Gullbrá og Birnirnar þrjár (vinnum með þessa bók í hópstarfi) Hans klaufi Lotta Dimmalimm Hans klaufi
Ljóð vísur og leikur	Litli Óli í skógi Lítill heimur Lítill dýr í skógi Stóra brúin fer upp og niður Hátt upp í fjöllum	Litli Óli í skógi Lítill heimur Lítill dýr í skógi Stóra brúin fer upp og niður Hátt upp í fjöllum	Litli Óli í skógi Lítill heimur Lítill dýr í skógi Stóra brúin fer upp og niður Hátt upp í fjöllum
Notkun og innlögð í daglegu starfi	Nota orðin í daglegu starfi Einingakubbar (stærð og magn) Leir Ýmsir hlutir af mismunandi stærð	Nota orðin í daglegu starfi Ferð á bókasafnið, skoða og fá lánaðar bækur tengt þemanu. Brúðgerð	Nota orðin í daglegu starfi Búa til myndband Verkefni í Bitsboard Leika söguna

Þau orð sem unnið var með hverju sinni voru einnig sett upp í orðateppi sem leikskólinn keypti í fyrra. Orðateppin eru þannig úr garði gerð að hægt er að setja á þau myndir og lesa inn orð eða setningar tengd þeim. Þegar ýtt er á myndina heyrir síðan það sem lesið er. Með því að hafa orðateppin uppi inni á deildum eða í forstofu geta börnin nýtt þau til að festa orðin í minni sér.



Kennarar útbjuggu líka verkefni í smáforritinu Bitsboard sem eru af svipuðum toga. Þar er hægt að setja inn orð og myndir og í gegnum ýmsa leiki læra börnin að tengja saman orð og mynd og festa orðin þannig í minni sér.

Út frá þemunum voru einnig unnin fjölbreytt verkefni þar sem reyndi á samskipti og málþroska. Í vinnu með ævintýri settu börnin t.d. upp leikrit, túlkuðu ævintýrin með teikningum og bjuggu til bækur ýmist í pappír eða með smáforritum.



*Börnin búa til sögusvið
ævintýrisins um
geiturnar þrjár.*

*Börnin túlka söguna í
eigin teikningum.*



Samstarf heimila og skóla

Þó að ekki yrði af eiginlegri þróunarvinnu hvað varðar samstarf við foreldra var áfram unnið að því að efla samstarf við foreldra. Í hverjum mánuði var einhver uppákoma þar sem foreldrum gafst tækifæri til að taka þátt í leikskólastarfinu. Þannig var foreldrum til dæmis boðið að taka þátt í jólaföndri, kíkja í heimsókn á bolludegi, sprengidegi eða öskudegi og taka þátt í páskaeggjaleit með börnunum í dymbilvikku. Einu sinni í mánuði var haldinn svokallaður *heimamálsdagur* en þá er lögð áhersla á að tvítyngdu börnin fái tækifæri til að kynna sitt móðurmál fyrir hinum börnunum og starfsfólki. Það gera þau t.d. með því að koma með bækur eða geilsladiska á sínu móðurmáli í leikskólann og stundum hafa foreldrar komið og lesið fyrir börnin á sínu móðurmáli. Netið hefur einnig verið nýtt til að finna efni frá ólíkum löndum. Á sumarhátíðinni sem haldin er í júní ár hvert koma börnin með mat að heiman og bjóða öðrum að smakka og þannig kynnast börnin ólíkri matarmenningu. Með þessu gefst foreldrum tækifæri til að kynnast leikskólastarfinu og íslenskri menningu en jafnframt að veita innsýn inn í eigin menningu.

Til að virkja foreldra í málörvun barnanna gengur bakpoki með málörvunarefni á milli barnanna allan veturinn og fer hvert barn heim með hann tvisvar til þrisvar sinnum yfir veturinn. Í bakpokanum eru bækur, spil og annað efni sem hvetur til samræðna barna og foreldra. Þessir bakpokar hafa verið notaðir á Öspinni í nokkur ár en í vetur var innihald þeirra endurskoðað með það fyrir augum að tengja það betur við þá orðflokka sem unnið er með hverju sinni.



Næstu skref

Í vetur hefur orðið til ákveðinn rammi utan um málörvunarstarf í leikskólanum Ösp sem stefnt er að því að þróa áfram næsta vetur. Næsta vetur verður aftur unnið út frá sömu áætlunum og haldið áfram að safna saman verkefnum sem tengjast þeim þannig að með tímanum verður til góður verkefnabanki sem auðveldar starfsmönnum skipulagsvinnuna og starfið með börnunum.

Starfsmenn Aspar hafa undanfarin ár nýtt snjalltæki í leikskólastarfinu. Næsta vetur verið unnið að því að þróa leiðir til að nýta snjalltækin á markvissan hátt í málörvunarstarfi og hefur skólinn fengið styrk frá Sprotasjóði í það verkefni sem mun byggja á þeim grunni sem lagður hefur verið með vinnunni í vetur.

Út frá þróunarstarfinu í leikskólanum Ösp hefur kviknað hugmynd að þróun námsefnis til að efla íslenskan orðaforða tvítyngdra barna. MSHA hefur fengið styrk úr *Þróunarsjóði námsgagna* til að þróa það efni og mun vinna að því næsta vetur í samstarfi við Öspina og fleiri leikskóla.

Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Leikskólinn Ösp hefur skapað sér gott orðspor fyrir vinnu með tvítyngdum börnum á undanförunum árum og kennarar í öðrum skólum sækja ósjaldan til skólans til að fá hugmyndir og ráð varðandi kennslu tvítyngdra barna og fjölmenningarlegt skólastarf. Síðastliðinn vetur var tekið á móti nokkrum hópum íslenskra og erlendra kennara sem heimsóttu skólann til að kynna sér starfið og starfsmenn á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar komu einnig í slíka heimsókn. Í þessum heimsóknum hafa starfsmenn kynnt þróunarverkefnið og aftrakstur þess.

Einnig stóð til að kynna verkefnið á *Stóra leikskóladeginum* sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir undanfarin ár. Af þeirri kynningu varð ekki þar sem dagurinn var felldur niður vegna dræmrar þátttöku.

Júní 2017

Sólveig Þórarinsdóttir, leikskólastjóri
Rannveig Oddsdóttir, MSHA